

Starfsgreinaráð	Upplýsinga- og fjölmiðlagreina	
Starfsheiti	Prentun	Löggilt iðngrein
Dagsetning	25. febrúar 2021	
Útgáfunúmer	1.0	

**Starfalýsing:**

Prentari starfar innan upplýsinga- og fjölmiðlagreina, vinnur í prentsmiðjum við prentun á blöðum, tímaritum, bókum, bæklingum, smáverkum, nótum, umslögum, auglýsingum o.fl. sem og í blaðaprentsmiðjum. Prentari starfar í umbúðaprentsmiðjum við prentun á umbúðum, vörumerkingum, merkimiðum o.fl. (offset- og flexóprentun). Þá vinnur prentari á stafrænum prentstofum við fjölbreytt verkefni í minni upplögum. Prentari er í samstarfi við prentsmiði, bókbindara, grafíska miðlara og hönnuði, teiknara, ljósmyndara, fjölmiðlataekna, pappírsskurðarmenn, framleiðslustjórnendur og aðstoðarfólk. Prentari hefur sérþekkingu á eðli og virkni prentvéla og samvirkni efna sem notuð eru í prentvinnslu og kann skil á fræðilegum þáttum prentunar sem varða lita- og ljósmælingar, rastarafræði, litrófsmælingar, flutning á stafrænum gögnum, gerð og meðhöndlun prentplatna. Prentari getur unnið sjálfstætt og leiðbeint öðrum, auk þess sem hann tileinkar sér þjónustulund og fagvitund.

**Stýrir prentvélum**

Kann skil á verkferlum innan prentiðnaðarins.

Notar þekjumæla við mat á prentgæðum.

Metur punktastækkun í prentun.

Þekkir pappírstegundir og staðla sem notaðir eru við val á pappír í prentverki.

Sker pappír í prentvélum og frá þeim.

Notar verkseðla, verklýsingar og metur upplagstölur.

Meðhöndlar liti og fonta, kann skil á eiginleikum þeirra.

Metur gæði prentunar, litaáferð og efnisgæði.

Sinnir daglegri umhirðu og viðhaldi á vélbúnaði.

Býr yfir samskiptafærni til að geta átt farsæl samskipti og veitir persónulega þjónustu í samræmi við greiningu á þörfum viðskiptavinar hverju sinni og óska hans.

Ber ábyrgð á eigin starfsþróun, er fær um að tileinka sér nýjungar og hagnýta þá þekkingu í starfi.

Þekkir og fer eftir lögum og reglugerðum tengdum faginu, s.s. reglum um vinnuvernd, ásamt því að vinna að heilindum og viðhafa trúnað gagnvart viðskiptavinum.

Sýnir fagmennsku og starfar í samræmi við siðareglur greinarinnar og vinnustaðarins.

Þekkir leiðir til sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum í starfi við efnisval tengt prentiðnaði og pappír.

Kann rétt viðbrögð við neyðaraðstæðum og er fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum.

Vinnur eftir gæðaviðmiðum, þekkir mikilvægi öryggisvarna og helstu orsakir vinnuslysa.